



Umhverfisnefnd Alþingis
Austurstræti 8-10
150 Reykjavík

HAFRANNSÓKNASTOFNUNIN

Alþingi
Erindi nr. P 138/2475
komudagur 20.5.2010

Reykjavík, 20.05.2010

Tilv. 90.13

JS/sdk

Málefni: Frumvarp til laga um grunngerð landupplýsinga, 549. mál, 138. löggj. þing 2009-2010

Vísað er í erindi umhverfisnefndar Alþingis um ofangreint málefni dagsett 11. maí 2010.

Í 10. grein er fjallað um samræmingarnefnd vegna landupplýsinga. Mun fleiri ráðuneyti koma nú að þessari nefnd en var í drögum að frumvarpi því sem Hafrannsóknastofnunin fékk til umsagnar í febrúar s.l. Athygli vekur í því sambandi að þar á sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneyti engan fulltrúa þrátt fyrir að ætla megi að málefnið tengist því ekki síður en þeim ráðuneytum sem þar eiga fulltrúa.

Hafrannsóknastofnunin leggur áherslu á mikilvægi þess að vera höfð með í ráðum þegar kemur að útfærslu reglugerðar um viðauka er fylgja INSPIRE tilskipuninni. Á það sérstaklega við um viðauka 3 sem snertir starfssvið og gögn í varðveislu stofnunarinnar.

F.h. Hafrannsóknastofnunarinnar


Jóhann Sigurjónsson

Heimilisfang:

Skúlagötu 4
Pósthólf 1390
121 Reykjavík

Sími:

575-2000
Póstfax:
575-2001

Heimasíða:

www.hafro.is

Tölvupóstfang:

hafro@hafro.is